

Skipulagsstofnun
Jón Þórir Þorvaldsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 4. júní 2020
UST202006-050/B.S.
08.14.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Brennsluofn á Strönd í Rangárþingi ytra. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 12. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Ráðgert er í fyrstu að brenna allt að 500 tonn af dýrahraejum og sláturúrgangi á ári, en afkastageta ofnsins er allt að 4.000 tonn á ári. Umræddur ofn er frá framleiðanda sem hefur selt minni brennsluofna til sláturleyfishafa á Íslandi. Sá ofn sem hér um ræðir er vottaður af stjórnvöldum í Bretlandi til staðfestingar á því að hann uppfylli öll skilyrði reglugerðar Evrópusambandsins um eyðingu dýraleifa. Að lokinni brennslu er ráðgert að urða ösku á Strönd sem óvirkan úrgang.


Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að notkun á umræddum brennsluofni muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Fram kemur í greinargerð að sækja þarf um nýtt eða breytt starfsleyfi til Umhverfisstofnunar þar sem ekki er gert ráð fyrir eyðingu dýraleifa í núverandi starfsleyfi.

Greinargerðin er eins ítarlega og ástæða er til.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Sverrir Aðalsteinn Jónsson
Teymisstjóri